



Alþýðusamband Íslands

Ályktun ársfundar Alþýðusambands Íslands 2010 í tilefni Kvennafrídagsins

Áfram stelpur

Ársfundur Alþýðusambands Íslands óskar konum á Íslandi til hamingju með afmæli Kvennafrídagsins þann 24. október n.k. Þann dag fyrir þrjátíu og fimm árum lögðu tugþúsundir íslenskra kvenna niður vinnu og söfnuðust saman á fundum um land allt og hrópuðu: *Áfram stelpur*. Á þann táknræna hátt sýndu konur hversu mikilvægt vinnuframlag þeirra er fyrir atvinnulífið og samfélagið. Samstaðan var algjör. Kvennafrídagurinn 24. október er og verður einn mikilvægasti áfangi í baráttu kvenna á Íslandi fyrir jafnrétti. Hann var í reynd heimssögulegur viðburður.

Alþýðusamband Íslands hefur frá upphafi barist fyrir jöfnum rétti kynjanna og sömu launum fyrir jafn verðmæt störf. Nú eru blikur á lofti og mikilvægum árangri af áratuga baráttu fyrir jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði alvarlega ógnað.

Yfirskrift kvennafrídagsins að þessu sinni er: *Konur gegn kynferðisofbeldi*. Ársfundur Alþýðusambands Íslands fordæmir kynbundið ofbeldi og áreiti á vinnustöðum og í samfélaginu öllu og hvetur aðila vinnumarkaðarins, stjórnvöld og almenning til markvissra aðgerða gegn því.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands hvetur félagsmenn aðildarféлага sinna til virkrar þátttöku í viðburðum í tilefni Kvennafrídagsins mánudaginn 25. október n.k.